



Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík: 06.02.2013
Tilvísun: 201301-0046

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um váttryggingastarfsemi og lögum um miðlun váttrygginga (markaðssetning o.fl., EES-reglur), 489. mál.

Alþýðusamband Íslands gerir engar efnislegar athugasemdir við frumvarpið og styður heils hugar að það njóti framgangs á yfirstandandi þingi og verði að lögum. Verði frumvarpið að lögum er það mat ASÍ að það muni stuðla að heilbrigðari rekstri váttryggingarfélaga og aukinni neytendavernd.

Váttryggingarstarfsemi gegnir sérstöku og mikilvægu hlutverki í samfélagslegu tilliti og til slíkrar starfsemi verður að ríkja traust sem að einhverju leyti beið hnekki í kjölfar efnahagshrunsins í árslok 2008. Með vísan í framangreint er ákvæðum frumvarpsins í 16. – 19. gr. um hæfi til stjórnarsetu annars vegar og sérstaka slitameðferð váttryggingarfélaga hins vegar, sérstaklega fagnað.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Halldór Oddsson', written over a light blue horizontal line.

Halldór Oddsson.
Lögfræðingur hjá ASÍ.